

# VISTSPORIÐ

## Fréttabréf Vistbyggðarráðs

1.tbl. 4.árg. 6. mars 2014

Nokkuð er liðið frá síðustu útgáfu Vistsporsins (des. 2013) og er það því með lengra móti í þetta sinn. Frá því í nóvember hafa ekki verið haldnir viðburðir á vegum VBR en tíminn hins vegar nýttur í að vinna að ýmsum innri málum, s.s. samstarfsverkefnum og áætlunum fyrir næsta starfsár og eru aðilar hvattir til að kynna sér þær á heimasíðunni okkar. Nú í lok febrúar er ljóst að gera þarf nokkrar breytingar á starfseminni á árinu vegna norrænna samstarfsverkefna sem munu jafnframt styrkja rekstur Vistbyggðarráðs og efla almenna starfsemi.

### Skrifstofa flutt í Ofanleiti 2

Þann 3. febrúar síðastliðinn var skrifstofa Vistbyggðarráðs flutt í nýjar höfuðstöðvar Verkís við Ofanleiti 2 í Reykjavík, þar sem hún verður næstu 2 árin samkvæmt samkomulagi og er aðsetur framkvæmdastýru á 5. hæð. Undanfarin þrjú ár hefur hún verið í húsnæði EFLU á Höfðabakkanum og er EFLU þakkað fyrir gott og ánægjulegt samstarf og



sitt framlag til reksturs skrifstofunnar. Markmið með færanlegri skrifstofu VBR er fyrst og fremst að efla tengsl við féлага og miðlun þekkingar og reynslu af verkefnum á sviði samtakanna. Óhætt er að segja að þetta fyrirkomulag hafi gengið afar vel undanfarin ár og hefur verið vel tekið á móti framkvæmdastýru á nýju stað.

### Nýjir aðilar

Á síðastliðnu ári gerðust alls 2 fyrirtæki aðilar að Vistbyggðarráði og eru aðilar nú 34 talsins. Meðal nýjustu aðila eru VA arkitekta sem gerðust aðilar í lok árs 2013 og nú í byrjun árs 2014 bættust Íslenskir aðalverktakar í hópinn, en ÍAV var meðal stofnfélaga árið 2010. Styrkur félagsamtaka eins og VBR veltur fyrst og fremst á því að hafa að baki styrkan hóp öflugra og framsækinna aðila á byggingarmarkaði og er það vonandi að enn fleiri sjái sér hag í að gerast formlegir og virkir aðilar á næstu misserum enda mörg spennandi verkefni framundan. Nýjir aðilar eru boðnir hjartanlega velkomnir.

### Samtals 104 milljónir í tvö norræn samstarfsverkefni

Nýverið bárust þær ánægjulegu fréttir að Norræni Nýsköpunarsjóðurinn hefði ákveðið að veita styrki til tveggja samnorrænna verkefna sem Vistbyggðarráð er þátttakandi í. Um er að ræða veglega styrki upp á samtals 104 milljónir króna sem skiptast á nokkra samstarfsaðila í 2 ár. Alls bárust 47 umsóknir í sjóð Nordic Built verkefnisins sem er eitt af svokölluðum kyndilverkefnum Norræna Nýsköpunarsjóðsins. Veittir verða styrkir til 13 samnorrænna verkefna upp á alls 2,9 milljarðar samanlagt en markmiðið með styrkveitingunum er að hafa afgerandi áhrif á þróun norræns byggingarmarkaðar í átt til frekari sjálfbærni. Vistbyggðarráðin (Green Building Council) í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi tóku sig saman og sóttu um styrki til tveggja verkefna sem munu án efa koma sér vel og auka til muna samvinnu á milli þessara landa á vettvangi Vistbyggðarráðanna og þeirra sem að þeim standa. Þau tvö verkefni sem um ræðir eru: **Nordic Framework for Sustainable Urban Development**, sem fékk 68 millj.kr styrk og verkefnið **Nordic Guide for Sustainable Design** fékk styrk upp á 36 milljónir og er það verkefni sem mun

án efa vera mikil hvatning til enn frekari samstarfs í tengslum við þróun og undirbúning að sameiginlegri útgáfu Breeam vottunarkerfisins fyrir Norrænan markað. (sjá nánar frétt á vbr.is)

## Styrkur frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Um miðjan febrúar fékk Vistbyggðarráð milljón króna styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti til þess að sinna m.a. norrænu samstarfi og útgáfu á árinu 2014. Áður hefur ráðuneytið veitt tvo styrki til starfseminnar og er óhætt að segja að ráðuneytið hafi undanfarin ár verið jákvætt í garð Vistbyggðarráðs og leggur VBR mikið upp úr því að eiga áframhaldandi gott samstarf við stjórnvöld. Þar skiptir fjárhagslegur stuðningur miklu máli og er okkur mikil hvatning til áframhaldandi verka sem miða að því efla íslenskan byggingarmarkað og vera um leið öflugur samstarfsvettvangur um vistvæna þróun manngerðs umhverfis á Íslandi.

## Starfsáætlun 2014

Starfsáætlun fyrir árið 2014 var samþykkt á stjórnarfundum sem haldinn var þann 25. janúar og er nú hægt að nálgast hana á [vefsíðunni](#). Hún er þar sett fram með fyrirvara um breytingar en ljóst er að gera þarf einhverjar breytingar vegna norrænna samstarfsverkefna þegar líður á árið.

## Erindi á steinsteypudeginum



Vistbyggðarráð var með erindi um Breeam og betri byggingar á steinsteypudeginum sem haldinn var föstudaginn 21.

febrúar, en þarna var að venju samankominn fjöldi aðila á byggingarmarkaði og var fjallað um ýmislegt

áhugavert m.a. vistvæna steinsteypu. Erindin má skoða á vefsíðu [steinsteypufélagsins](#).

## Opinn fundur: Reynslusögur

Næsti opni fundur VBR er fyrirhugaður föstudaginn 21. mars en dagskrá verður send út fljótlega. Á fundinum munu nokkrir aðilar flytja stutt erindi um vistvæn verkefni og miðla af reynslu sinni. Um er að ræða morgunfund frá kl. 8:30-10:00.

## Breeam fyrir íslenskt umhverfi

Stjórn Vistbyggðarráðs tók þann 16. september síðastliðinn ákvörðun um að undirbúa mögulega aðlögun alþjóðlega vistvottunarkerfisins, BREEAM til notkunar hér á landi. Rekstaraðilar BREEAM í Bretlandi hafa nú sýnt áhuga á að gera sérstakan samstarfssamning við Vistbyggðarráð án þess að það verði formlegur rekstar-/leyfisaðili héraðs. Nýverið voru lagðar fram tillögur að skipulagsbreytingum hvað varðar uppbyggingu og rekstur vottunarkerfisins fyrir stjórn BRE og verður spennandi að sjá hvort verður af breytingum á uppbyggingu kerfisins í kjölfarið. Þessar tillögur gætu opnað á ýmis tækifæri til samnorrænnar útgáfu af Breeam, en nánar verður sagt frá gangi viðræðna og samvinnu við Noreg og Svíþjóð í næsta fréttabréfi.

## Vinnuhópar

Gera má ráð fyrir að nokkrir vinnuhópar verði settir í gang á árinu í tengslum við frekari greiningu vegna notkunar Breeam International í íslensku umhverfi og frekari möguleika á samstarfi við BRE, en einnig stendur til að stofna vinnuhóp sem skoði framboð á vistvænu byggingarvörum í samstarfi við nátturu.is. Þá er þörf á að koma saman aðilum vegna þróunar tillagna um fjárhagslegar ívilnanir fyrir byggingar og einnig þarf að gera ráð fyrir vinnuhópum í tengslum

við norrænu samstarfverkefnum. Nánar verður tilkynnt um fyrirkomulag vinnuhópa með vorinu.

## Samstarfssamningur við nátturan.is

Í desember var samþykkt að skrifa undir 2 ára samstarfssamning við fyrirtækið Náttúruna ehf. sem rekur vefsetrið nátturan.is. Markmiðið er að hafa samstarf um miðlun, fræðslu og framsetningu upplýsinga um aðgengi að vistvottuðum byggingarvörum hérlendis í gegnum vefsíðuna [natturan.is](http://natturan.is), ásamt því að hafa samstarf um undirbúning og greiningu markaðar fyrir vistvænar byggingarvörur. Þá munu VBR og náttura.is standa fyrir einum sameiginlegum viðburði á tímabilinu.

## Vistbyggðarráðin hittust í Osló

Framkvæmdastýra og formaður sóttu stjórnendafund Norrænu Vistbyggðarráðana í Osló, þann 24. febrúar. Á fundinn mættu jafnframt verkefnisstjórar þeirra samstarfsverkefna sem við erum aðilar að og var farið yfir helstu verkþætti og skiptingu fjármagns. Í kjölfarið var haldinn fundur með framkvæmdastjórum GBC í Svíþjóð og Noregi vegna mögulegs samstarfs vegna Breeam. Það er mat framkvæmdastýru að áfram sé mikilvægt að styðja við og styrkja þetta norræna samstarf sem gefur okkur kost á að styrkja tengslanetið á Norðurlöndunum og bera okkur saman við það helsta sem er að gerast í nágrannalöndunum á sviði sjálfbærni á byggingarmarkaði.

## Aðalfundur 3.apríl

Aðalfundur Vistbyggðaráðs verður haldinn þann 3. apríl en fundaboð verður sent út með rafrænum hætti á skilgreinda tengiliði tveimur vikum fyrir stjórnarfund.

## Opinn fyrirlestur í stað ráðstefnu



Þetta árið mun Vistbyggðarráð ekki standa fyrir sérstakri ráðstefnu í maí eins og verið hefur undanfarin 3 ár, en þess í stað standa fyrir opnum

fyrirlestri í Norræna húsinu þann 8. maí. Þegar þetta er skrifað er því miður ekki hægt að staðfesta fyrirlesara, en viðburðurinn verður auglýstur vel og er öllum opinn.

## Fréttapunktur

Vistsporinu er ætlað að kynna fyrir aðilum það helsta sem er á döfni hjá Vistbyggðarráði. Til þess að auka fjölbreytnina og efla miðlunar þáttinn í starfseminni þá væri vel þegið að fá ábendingar um fréttir eða vistvæn verkefni sem verið er að vinna að á vegum aðila eða um annað áhugavert sem nýst gæti fleirum, hvort sem það væri sem frétt á vefsíðuna eða sem innlegg eða ábending á fésbókasiðu VBR.

*Það er spennandi ár framundan hjá Vistbyggðarráði og nokkur tímamót í starfseminni m.t.t aukinna verkefna. Aðilar eru hvattir til þess að hafa samband við framkvæmdastýru ef þeir vita af fyrirtækjum eða stofnunum sem hafa hug á að gerast aðilar eða tengjast starfseminni með öðrum hætti.*

*Að lokum er vakin athygli á facebook síðu VBR, en þar eru settar inn myndir og tilkynningar um starfsemina ásamt ýmsum fróðleik. Markmið mánaðarins er að ná 500 „like“, en það tryggir frekari útbreiðslu.*

facebook